



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 1. september 2020
SFS2019100020
190. fundur
HG/adg/sh

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Yfirlit yfir erindisbréf starfshópa skóla- og frístundasviðs

Eftirfarandi er yfirlit yfir erindisbréf vegna nýrra starfshópa skóla- og frístundasviðs frá febrúar til ágúst 2020, en skv. reglum Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa frá 2. febrúar 2018 ber fagsviðum að halda skrá yfir starfshópa og erindisbréf og kynna í viðkomandi fagráði.

Heiti starfshóps	Hlutverk starfshóps
<i>Starfshópur um táknmálsumhverfi í Sólborg, táknmálssviði Hlíðaskóla, Eldflauginni og Gleðibankanum</i>	Að vinna að tillögum er varðar bætt starfsumhverfi, endurmenntun sem og samstarf stofnana sem hafa táknmálstalandi börn og koma með tillögum að leiðum til að fjölga táknmálstalandi kennurum/starfsfólki. Starfshópurinn hefur mótandi áhrif á áherslur og vinnu hópsins.
<i>Starfshópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun á skóla- og frístundasviði</i>	Að vinna að kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun á sviðinu, skv. reglum um gerð fjárhagsáætlunar.
<i>Starfshópur um framtíðarsýn samstarfs í leikskólunum Hólaborg og Suðurborg</i>	Að móta og leggja fram tillögum varðandi aukið samstarf, verkaskiptingu og nýtingu mannauðs á leikskólunum tveimur.



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

ERINDISBRÉF

Starfshópur um táknmálsumhverfi í Sólborg, táknmálssviði Hlíðaskóla, Eldflauginni og Gleðibankanum

Ábyrgðarmaður: Helgi Grímsson, sviðsstjóri SFS

Inngangur: Áhyggjur hafa vaxið innan Hlíðaskóla, Sólborgar og frístundastarfs við Hlíðaskóla um stöðu táknmálstalandi barna. Sólborg hefur verið skilgreindur sérhæfður leikskóli frá 2010 og táknmálssvið Hlíðaskóla hefur verið starfandi frá sameiningu Vesturhlíðaskóli við Hlíðaskóla árið 2002. Í frístundastarfi hafa alltaf verið í þjónustu börn sem hafa táknmál sem móðurmál. Síðustu ár hefur verið erfitt að halda við fagþekkingu starfsfólks á starfsstöðunum og vöntun á Döff starfsfólki og Döff kennurum hefur verið mikil. Skortur er á baklandi fyrir þessa sérhæfðu skóla og lítil sem engin fræðsla á táknmáli hefur verið í boði. Mikilvægt er að skoða málið í heild sinni með samfelli og hagsmuni þessa barnahóps að leiðarljósi. Þar sem um er að ræða fámennan hóp barna þarf að skoða vel hvernig þessar menntastofnanir geta unnið saman og nýtt þekkingu og mannauð sem allra best.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að vinna að tillögum er varðar bætt starfsumhverfi, endurmenntun sem og samstarf stofnana sem hafa táknmálstalandi börn og koma með tillögum að leiðum til að fjölga táknmálstalandi kennurum/starfsfólki. Starfshópurinn hefur mótandi áhrif á áherslur og vinnu hópsins.

Helstu verkefni:

- Gera úttekt á stöðu mála í Sólborg, Hlíðaskóla, Eldflauginni og Gleðibankanum.
- Koma með tillögu að endur-/símennntun starfsfólks á viðkomandi starfsstöðvum.
- Koma með tillögu að bættu faglegra starfsumhverfi og hvernig tryggja megi að fagleg þekking á táknmáli og Döff menningu eflist á starfsstöðvunum.
- Skoða hvernig Þjónustumiðstöð geti stutt við starfsstaðina.
- Skoða stöðu námsefnis fyrir þennan barna hóp.
- Skila tillögum sem hægt er að kostnaðarmeta.

Starfshópurinn skipa:

Fulltrúi frá Sólborg.

Fulltrúi frá táknmálssviði Hlíðaskóla.

Fulltrúi frá Eldflauginni.

Fulltrúi frá Gleðibankanum.

Fulltrúi frá skólapjónustu Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða.

Verkefnisstjóri starfshópsins: Fulltrúi frá skóla- og frístundasviði – verkefnastjóri hópsins.


Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á til að mynda Samskiptamiðstöð, Félag heyrnarlausra, Háskóla Íslands, Heyrnar- og talmeinaðstöð, Menntamálastofnun og aðra þá aðila sem þeir telja að málið varði.

Starfstími:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni tillögum fyrir 1. september 2020.

Reykjavík, 24. febrúar 2020



Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs



ERINDISBRÉF¹

Starfshópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun á skóla- og frístundasviði

Ábyrgðarmaður: Sviðstjóri skóla- og frístundasviðs

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að vinna að kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun á sviðinu, skv. reglum um gerð fjárhagsáætlunar.

Helstu verkefni hópsins eru m.a. að:

- Tryggja að verklagsreglum sem tengjast kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun sé fylgt eftir á sviðinu.
- Vinna greinargerðir í fjárhagsáætlun um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun á sviðinu.
- Leiða verkefni um greiningar á þjónustubáttum í samræmi við verklagsreglur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun (FMS-VLR-087) og tíma- og verkáætlun stýrihóps KFS.
- Skipa vinnuhópa, eftir þörfum, til að sjá um greiningar á þjónustubáttum og styðja við starf þeirra.
- Tryggja að tillögum um aðgerðir vegna útkomu greininga sé fylgt eftir.
- Tryggja að rökstuðningur liggi fyrir ef talið er óþarft að greina ákveðinn þjónustubátt.
- Hafa umsjón með vinnu á jafnréttisskimun og jafnréttismati vegna nýrra verkefna eða breytinga á verkefnum í samræmi við verklagsreglur um fjárfestingaáætlun og reglur um gerð fjárhagsáætlunar (FMS-VLR-048 og FMS-STE-001).
- Hafa umsjón með gerð jafnréttisskimana og jafnréttismats vegna tillagna um auknar fjárheimildir sviðsins (viðauka) í samræmi við verklagsreglur um viðauka við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar (FMS-VLR-086).
- Greina hvaða kyngreindu gögn þarf að safna á sviðinu og finna leiðir til þess.

Starfshópurinn skipa:

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, verkefnastjóri Jafnréttisskóla (formaður)
Guðmundur G. Guðbjörnsson, deildarstjóri á fjármála- og rekstrarþjónustu
Ragna Sigrún Kristjánsdóttir, lögfræðingur

Til ráðgjafar og samstarfs:

Sérfræðihópur KFS, stýrihópur KFS, verkefnastýra KFS, og aðrir eftir atvikum.

Reykjavík, 18. JÚNÍ 2020

¹ Erindisbréf skulu gerð í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa:

http://reykjavik.is/sites/default/files/reglur_reykjavikurborgar_um_starfs-_og_styrihopa.pdf. Einnig er ráðlegt að fylla út eyðublaðið Skilgreining verkefnis áður en erindisbréf er gefið út í því skyni að skilgreina og afmarka verkefnið með fullnægjandi hætti.



Erindisbréf starfshóps á skóla – og frístundasviði

Heiti starfshóps: Starfshópur um framtíðarsýn samstarfs í leikskólunum Hólaborg og Suðurborg
Ábyrgðarmaður: Helgi Grímsson sviðstjóri SFS
Hlutverk: Að móta og leggja fram tillögur varðandi aukið samstarf, verkaskiptingu og nýtingu mannauðs í leikskólunum tveimur.
Helstu verkefni: • Starfshópurinn kynni sér starfsumhverfi hvors skóla fyrir sig • Starfshópurinn skoði framtíðarsýn stjórnunar í leikskólunum • Starfshópurinn kynni sér styrkleika hvors leikskóla, stefnur hvors leikskóla og annað sem skiptir máli í innra starfi leikskólans. • Í tillögum starfshópsins verði unnið út frá áherslum menntastefnunnar með aukið faglegt samstarf skólanna að leiðarljósi. • Starfshópurinn skili tillögum með hugmyndum um samstarf og teymisstjórnun innan hvors leikskóla og milli skólanna sem hefur það að markmiði að létta álagi af leikskólastjórum og styrkja millistjórnendur í hlutverkum sínum. • Skoðað verði með hvaða hætti stöðugildi s.s. aðstoðarleikskólastjóra, sérkennslustjóra, verkefnisstjórnun vegna barna af erlendum uppruna nýtist sem best með betri nýtingu mannauðs í huga.
Fulltrúar í starfshópi: • Berglind Hallgrímsdóttir leikskólastjóri í Suðurborg • Elísabet Helga Pálmadóttir fagstjóri leikskóla í Breiðholti • Inga Guðrún Birgisdóttir mannauðsráðgjafi • Sigrún Grétarsdóttir leikskólastjóri í Hólaborg • Anna Rún Gylfadóttir aðstoðarleikskólastjóri í Suðurborg • Friðbjörg Gísladóttir aðstoðarleikskólastjóri í Hólaborg
Formaður starfshóps: Elísabet Helga Pálmadóttir fagstjóri leikskóla í Breiðholti
Starfsmaður:
Ráðgjöf / samstarf: Starfshópurinn leita ráða til þeirra er þeir telja málið varða
Starfstímabil: 15. september 2020 til 1. apríl 2021
Lokaskil: Á hvaða formi skal skila niðurstöðum og til hverra? Skýrsluskil til sviðsstjóra SFS

Sambýtt 5/8 2020
HL